

581. fundur

Fimmtudaginn 4. júní 2015 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson ANR formaður
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Arnar Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari nefndarinnar.

1. Tekin var fyrir fundargerð 580 og samþykkt með leiðréttum athugasemdum.
2. Lagðar voru fyrir niðurstöður um úthlutun á tollkvótum vegna útboðs á blómum fyrir seinni hluta ársins 2015.

Mánudaginn 1. júní sl. rann út tilboðsfrestur í tollkvóta á blómum vegna seinni hluta ársins 2015.

Þrjú tilboð bárust um innflutning á blómstrandi pottaplöntum á vörulið (0602.9091) samtals 3.350 stk. á meðalverðinu 90 kr./stk. Hæsta boð var 125 kr./stk. en lægsta boð var 40 kr./stk. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 1.650 stk. á meðalverðinu 118 kr./stk.

Þrjú tilboð bárust um innflutning á blómstrandi pottaplöntum á vörulið (0602.9093) samtals 3.860 stk. á meðalverðinu 94 kr./stk. Hæsta boð var 135 kr./stk. en lægsta boð var 40 kr./stk. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 2.160 stk. á meðalverðinu 119 kr./stk.

Eitt tilboð barst um innflutning á tryggðablómum (0603.1400) samtals 6.500 stk., á meðalverðinu 9 kr./stk. Hæsta boð var 16 kr./stk. en lægsta boð var 1 kr./stk. Tilboði var tekið frá einu fyrirtæki um innflutning á 9.000 stk. á meðalverðinu 9 kr./stk.

Þrjár umsóknir bárust um innflutning á afskornum blómum, (0603.1909) samtals 80.000 stk. og náðu umsóknir ekki tilteknum stykkjafjölda sem í boði var eða 118.750 stk. Úthlutað var án útboðs.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinna fyrirtækja á grundvelli tilboða/umsókna þeirra:

Blómstrandi pottaplöntur júlí - desember 2015

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
700	Garðheimar Gróðurvörur ehf
950	Húsasmiðjan Blómaval ehf

Aðrar pottaplöntur júlí - desember 2015

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
700	Garðheimar Gróðurvörur ehf
1.460	Húsasmiðjan Blómaval ehf

Tryggðablóm júlí - desember 2015

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
6.500	Samasem ehf

(Annars) afskorin júlí - desember 2015

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
6.000	Garðheimar Gróðurvörur ehf
24.000	Grænn markaður ehf
50.000	Samasem ehf

Fleira ekki gert, fundi slitið.